Sveitarstjóri

**Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið**
**Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur**
**á sviði fiskveiðistjórnunar.**

**Efni:** Blönduósbær – byggðakvóti - sérreglur

**Tilvísun í mál:** ANR19100238/11.0

**Ákvæði reglugerðar nr. 675/2019 gilda um úthlutun byggðakvóta Blönduóbæjar, á fiskveiðiárinu 2019/2020, með eftirfarandi viðauka/breytingum:**

a). Ákvæði 1. málsl. 1.mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem kemur í hlut byggðalags, auk þess aflamarks byggðalagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal *skipta 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar , og 25% skal skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju miðað við hlutdeild skipanna 1. sept., 2019.*

b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020 í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn, enda hafi þau fiskiskip landað afla og viðmiðunarafla til þessara hafna á almanaksárinu 2019.

c) Ákvæði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð í viðkomandi sveitarfélagi á almanaksárinu 2019.

d) Ákvæði 1. málsl. c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með skráð heimilisfang í sveitarfélaginu á almanaksárinu 2019.

**Þannig samþykkt á 75. fundi sveitarstjórnar, 1. lið, þriðjudaginn 11. febrúar 2020.**

Blönduósi 12. febrúar 2020.

-----------------------------------------

***Valdimar O Hermannsson***,
Sveitarstjóri Blönduósbæjar
valdimar@blonduos.is
S-4554700 & 8606770

Sveitarstjórn Blönduósbæjar - 75. fundur sveitarstjórnar Blönduósbæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 11. febrúar 2020
og hófst kl. 17:00

**Fundinn sátu:**
Guðmundur Haukur Jakobsson, 1. varaforseti
Anna Margret Sigurðardóttir, 2. varaforseti
Birna Ágústsdóttir, aðalmaður
Sigurgeir Þór Jónasson, forseti
Hjálmar Björn Guðmundsson, aðalmaður
Gunnar Tr. Halldórsson, aðalmaður
Zophonías Ari Lárusson, varamaður
Atli Einarsson, ritari
Valdimar O. Hermannssonsveitarstjóri

**Fundargerð ritaði:** Atli Einarsson,

**Dagskrá:**

1. **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið - afgreiðsla á byggðakvóta fiskveiðiársins 2018/2019 - sérreglur - 1812001**

Afgreiðsla byggðakvóta - sérreglur

*Valdimar O. Hermannsson fór yfir sérreglurnar um afgreiðslu byggðakvóta.*

*Ákvæði reglugerðar nr. 675/2019 gilda um úthlutun byggðakvóta Blönduóbæjar, á fiskveiðiárinu 2019/2020, með eftirfarandi viðauka/breytingum:*

*a) Ákvæði 1. málsl. 1.mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem kemur í hlut byggðalags, auk þess aflamarks byggðalagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipta 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar , og 25% skal skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju miðað við hlutdeild skipanna 1. sept., 2019.*

*b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020 í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn, enda hafi þau fiskiskip landað afla og viðmiðunarafla til þessara hafna á almanaksárinu 2019.*

*c) Ákvæði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð í viðkomandi sveitarfélagi á almanaksárinu 2019.*

*d) Ákvæði 1. málsl. c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með skráð heimilisfang í sveitarfélaginu á almanaksárinu 2019.*

SÞJ GHJ HBG AMS ZAL BÁ AE